

Sþ.

**407. Tillaga til þingsályktunar**

[164. mál]

um aðstoð við ný iðnfyrtæki til atvinnujöfnunar.

Flm.: Jónas Rafnar, Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson,  
Einar Ingimundarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, með hvaða hætti helzt verði stuðlað að því, að ný iðnfyrtæki risi upp í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem skilyrði eru góð til iðnaðarframleiðslu, en atvinnuleysi hefur gert vart við sig að undanförnu.

Sérstaklega verði athugað, hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins við stofnun nýrra iðnfyrtækja á fyrnefndum stöðum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt náttúruauðlindir landsins og koma í veg fyrir atvinnuleysi.

**Greinargerð.**

Tillaga samhljóða þessari var flutt á þinginu 1953, en varð þá ekki útrædd. Fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:

Á síðari árum hefur iðnaðurinn tekið stórfelldum framförum hér á landi. Nýjar iðngreinar hafa risið upp og eldri fyrirtæki fært út kvíarnar. Er nú svo komið, að iðnaðurinn er engu síður mikilsverður þáttur í atvinnulifi okkar Íslendinga en sjávarútvegur og landbúnaður — og með ári hverju fjölgar þeim aðilum, sem beinlinis hafa lífsuppeldi sitt frá þeiri atvinnugrein.

Segja má, að flestöll meiri háttar iðnfyrtæki, nema ullarverksmiðjur og iðjuver, sem vinna úr sjávarafurðum, séu nú staðsett í Reykjavík. Valda því margar ástæður. Í Reykjavík sjálfrí er stærsti markaðurinn fyrir framleiðsluna, hægara en víðast hvar annars staðar að ná í þjálfad vinnufl og auðveldara um útvegum lánsfjár. Meðan leita þurfti til nefnda og ráða um allan innflutning, höfðu fyrirtæki í höfuðstaðnum allt aðra og betri aðstöðu en fyrirtæki úti á landsbyggðinni. Það mun og hafa ráðið nokkru um val á staðsetningu nýrra iðnfyrtækja, að opinber gjöld hafa yfirleitt reynzt nokkru lægri í Reykjavík en í öðrum kaupstöðum.

Flestir munu líta svo á, að ekki sé hagstætt fyrir þjóðarheildina að einskorða iðnað landsmanna að mestu við Reykjavík og nágrenni, æskilegra sé, að iðnfyrtækkin séu ekki síður staðsett úti á landi, þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Á það má benda, að erlendis, eins og t. d. í Englandi, stuðlar ríkisvaldið að því, að ný iðnfyrtæki risi fremur upp í smærri bæjum en í stórborgunum.

Á undanförnum árum hefur orðið vart við verulegt atvinnuleysi í mörgum kauptúnum og bæjarfélögum, sérstaklega um vetrarmánuðina. Með stofnun og starfrækslu nýrra iðnfyrtækja á þessum stöðum kæmi aukin atvinna og betri lifskjör fyrir fólkid, sem nú býr við erfiðar aðstæður.

Með tillögu þessari er ætlazt til þess, að ríkisstjórnin láti athuga sem fyrst, hvað unnt sé að gera til þess að auka iðnaðinn utan höfuðstaðarins. Tillögumenn telja, að ný iðnfyrtæki í kauptúnum og bæjum, sem búið hafa við atvinnuleysi, muni ekki hvað sízt stuðla að jafnvægi í byggð landsins og jafnari afkomu landsmanna.

Tillögumenn telja, að meðal annars komi til greina að veita nýjum iðnfyrtækjum nokkur skattfriðindi fyrstu árin, fyrirgreiðslu um útvegum lánsfjár með hagstæðum kjörum, auk ókeypis tæknilegrar aðstoðar. Má að sjálfsögðu benda á fleira.